Høringsstaðir

Høringsstaðir „eru kenndir við Høring þorgrímsson errubeins, sem um er getið ~~er~~ í handnámabók og hefir reist þar byggð fyrstur manna nálægt ~~um~~ 970" Dr. G. J. Bólstaðir bls. 85. Jörðin er á austurmörkum sveitarinnar við Hróarsholtslæk, miðsvæðis. Þjóðvegur liggur um túnið, við bæ, og eru 7 km til Stokksegrar en 11 km að Selfossi. Bærinn stendur á háum bala í miðju túni. Túnið er mjög grasgefið, hallandi útaf mishæðum svo að kal má heita þar óþekt. Véltækar engjar voru ádur nýttar. Gott til rektunar og beitar. Høringsstöðum fylgdu fimm hjáleigur, ~~Hør~~ og var sameiginlegt festeinamat torfunnar 57,6 hundruð í matinu frá 1861, Høringsstaðir 18.67, Høringsstaðahjáleiga 8.74, Hölukot 5.76, Gljákot 10.72, Oddagarðar 8.34 og Brú 5.36. Samanlögð landstærð er um 800 ha, og eftir að Høringsstaðahjáleiga var sameinuð Høringsstöðum eftir 1948 má heita að heimabóndinn búi á hálfri torfunni.

Þann 16. febrúar 1861 gaf þorleifur ríki kolbeinsson á Háeyri Stokksegrarhreppi (hinum forna) hálfa Høringsstaðatorfuna sem stofu að sjóðsmyndun, en af tekjum hans átti að „verðlauna þá bændur, sem mestan duznað sýna

í búnaðarframmkvæmdum í hreymum" og fleira má gera með sjóðinn þegar tímar líða og hagur hans eflist. Í óbreyttu þjóðfélagi frá þeim tíma er þetta var hugsað og ákveðið hafði sjóður þessi lyft Grettistökum, en nýr tími hefur gert þetta að máttvana stofnun.

Byggingar: Íbúðarhús, byggt 1914-'63, blandað efni, 400 m³, fjós f. 26 gripi, byggt 1940, fjárhús f. 100 fjár, byggt 1960, hesthús f. 15 hross, hlöður 1300 m³ - byggt 1955-'59, vatheysgr. 160 m³, bílskúr 40 m²

Fasteignamat 1977:, jörð 2.145 þús., íbúð 1.497 þús., útihús 2.341 þús. Tún 25 ha Fm. 1861: 18.67 hundr.

Ábúandi:

1975 - Bjarni þorgeirsson f. hér 4.5.'26, ógiftur

Annað heimafólk: Ísdir bónda, þorgeir Bjarnason sem er eigandi hálflendunnar

Fyrri ábúendur:

1891-1915 Gnorri Sveinbjörnsson og Ólöf Ólafsdóttir

1915-1922 Guðni Jóhannsson og Petrúnella þórðardóttir

1922-1975 þorgeir Bjarnason og Elín Kolbeinsd. [dáin '72]

Bústofn '77: Kýr 16, aðrir nautgripir 7, sauðfé 117, hross 21, heyfengur 1100

7435
A-4